

Fyrirkomulag gæsaveiða í eignarlöndum Húnaþings vestra verður með eftirfarandi hætti haustið 2024: Veidimönnum með gilt skotvopnaleyfi og veiðikort útgefið af veiðistjórnunarsviði Umhverfisstofnunar stendur til boða að kaupa sérstakt veiðileyfi útgefið af Húnaþingi vestra er veitir þeim einum heimild til gæsaveiða í eignarlöndum sveitarfélagsins. Í boði er að kaupa leyfi á þremur svæðum:

- a. Eignarhlutur Húnaþings vestra í Víðidalstunguheiði austan Víðidalsár ásamt jörðinni Öxnártungu.
- b. Víðidalstunguheiði vestan Víðidalsár ásamt jörðunum Stóru-Hlíð, Stóra-Hvarfi og Króki.
- c. Eignarhlutur Húnaþings vestra í Arnarvatnsheiði og Tvidægri.

Hvert veiðileyfi gildir þann dag sem tilgreindur er á viðkomandi leyfi og er útgefið innan þess gæsaveiðitíma sem umhverfisstofnun gefur út vegna ársins 2024 ([grágæs](#) og [heiðagæs](#)). Leyfið veitir einungis skráðum handhafa þess heimild til veiða á umræddu svæði á áður nefndum tíma. Um er að ræða sölu á dagsleyfum.

Leyfin verða til sölu hjá Hallfríði Ólafsdóttur í Víðidalstungu, hallfridur78@gmail.com. Verð fyrir hvert leyfi er kr. 9.000 á dag.

Fjöldi veiðimanna á veiðisvæði er takmarkaður við 4 byssur á hverju svæði á dag. Veiðimenn eru hvattir til að tilkynna veiðar án leyfis til eftirlitsmanns.

Með vísan til 7. gr. Fjallskilasamþykktar Húnaþings vestra er óheimilt að nýta hunda og flygildi (dróna) til veiða fyrr en fyrstu göngum á viðkomandi afrétti er lokið.

Fjallskiladeildir í Húnaþingi vestra hafa heimild til að loka vegum og vegslóðum sem eru á forræði sveitarfélagsins án fyrirvara ef talið er að þeir liggja undir skemmdum vegna tíðarfars og umferðar.

Veiðileyfið veitir því ekki tryggingu fyrir því að ávallt sé hægt að aka að veiðisvæði. Veiðileyfi eru ekki endurgreidd.

Kort af veiðisvæðum má finna hér:

[Gæsaveiðisvæði 1 og 2 - Víðidalstunguheiði](#)

[Gæsaveiðisvæði 3 - Arnarvatnsheiði og Tvidægri](#)

Veiðisvæði miðast eingöngu við eignarlönd sveitarfélagsins.

Þess er vænst að veiðimenn virði það fyrirkomulag sem hér er kynnt og viðurkenni að það sé sanngjarnt og eðlilegt að greiða hóflegt gjald fyrir aðgang að náttúruauðlindum.